

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2007/EES/27/01		Fimmtugasta og níunda breyting á Leiðbeiningum um ríkisaðstoð – Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um tillögu að viðeigandi ráðstöfunum	1
2007/EES/27/02		Tilkynning stjórnvalda á Íslandi um framlengingu á gildistíma laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	2
2007/EES/27/03		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól – Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum	3
2007/EES/27/04		Endurgreiðsluvextir – Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar í EFTA-ríkjunum frá 1. janúar 2007	3
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2007/EES/27/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4650 – Porsche/Volkswagen)	4
2007/EES/27/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4657 – Salzgitter/KW/RSE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	5

2007/EES/27/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4669 – GE/NewsCorp/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2007/EES/27/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4693 – Veolia/Sulo) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2007/EES/27/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4699 – Allianz/Selecta) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2007/EES/25/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4700 – Deutsche Bank/AIG/Pushkino Logistics Park JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2007/EES/25/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4714 – Oaktree/Duquesne/TI Automotive) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2007/EES/25/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4715 – Cerberus/Chrysler) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2007/EES/25/13	Auglýst eftir tillögum – DG EAC/20/07 (Aðalskrifstofa menntamála og menningar) – Samkvæmt áætlun um símenntun	12
2007/EES/25/14	Æska og athafnir – Aðgerð 1 – Æskan í Evrópu – Tilraunaverkefni í þematengdu netsamstarfi – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/08/07	13
2007/EES/25/15	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer C 13/07 (áður NN 15/06 og N 734/06) – Aðstoð við björgun og endurskipulagningu fyrirtækisins New Interlin S.p.A. – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	14

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Fimmtugasta og níunda breyting á Leiðbeiningum um ríkisaðstoð

2007/EES/27/01

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um tillögu að viðeigandi ráðstöfunum

Fyrirsögn: Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um fimmtugustu og níundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar – Nýr kafli, 10.B: Ríkisaðstoð sem veitt er til að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Tillaga að viðeigandi ráðstöfunum

EFTA-ríki: Noregur, Ísland og Liechtenstein

Dagsetning ákvörðunar: 25. október 2006

Málsnúmer: 57678

Markmið: Að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum

Lagaheimild: Ákvörðun stjórnar eftirlitsstofnunarinnar nr. 313/06/COL

Efni ákvörðunar: Samkvæmt tillögu eftirlitsstofnunarinnar, sem EFTA-ríkin hafa samþykkt, eru viðeigandi ráðstafanir sem hér segir: EFTA-ríkjunum ber, eftir því sem þörf krefur, að breyta gildandi ákvæðum um áhættufjármögnun í samræmi við þessar leiðbeiningar áður en tólf mánuðir eru liðnir frá því að leiðbeiningarnar voru samþykktar.

Fullgilt útgáfa ákvörðunartextans er birt á eftirfarandi slóð:

<http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry>

Tilkynning stjórnvalda á Íslandi um framlengingu á gildistíma laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**2007/EES/27/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið að hreyfa ekki andmælum við ráðstöfuninni sem tilkynnt var

Dagsetning ákvörðunar: 13. desember 2006

EFTA-ríki: Ísland

Málsnúmer: 60557

Fyrirsögn: Framlenging á gildistíma laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Markmið: Menningarmál

Lagaheimild: Ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Gildistími: Frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2011

Fullgilt útgáfa ákvörðunartextans, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er birt á eftirfarandi slóð:
<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry>

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í 2007/EES/27/03
I. hluta bókkunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól
Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Dagsetning ákvörðunar: 29. nóvember 2006

EFTA-ríki: Noregur

Málsnúmer: 61023

Fyrirsögn: Breyting á reglum um skattfrádrátt vegna útgjalda til rannsókna og þróunarstarfs (SkatteFUNN-áætlunin)

Markmið: Helsta markmið aðstoðarkerfisins er að örva fyrirtæki til að auka framlög til rannsókna og þróunarstarfs.

Lagaheimild: Ákvæði 16.–40. gr. skattalaga, skattfrádráttur vegna útgjalda til rannsókna og þróunarstarfs „Skatteloven §. 16-40 Skattefradrag for kostnader til forskning og utvikling (FoU-fradrag)“ og „Forskrift til skatteloven § 16-40“

Fjárveiting/gildistími: Heildarfjárveiting er 1 150 milljónir norskra króna á ári. Kerfið er ótímabundið en hæð árlegum ákvörðunum norska þingsins um skattamál.

Fullgilt útgáfa ákvörðunartextans, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er birt á eftirfarandi slóð:
<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry>

Endurgreiðsluvextir

2007/EES/27/04

**Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við
endurheimtu ríkisaðstoðar í EFTA-ríkjunum frá 1. janúar 2007**

Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. ákvörðunar 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (sjá Stjttíð. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 26, 25.5.2006, bls. 1).

Endurgreiðsluvextir fyrir Ísland: 8,23

Endurgreiðsluvextir fyrir Liechtenstein: 3,30

Endurgreiðsluvextir fyrir Noreg: 5,26

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/27/05

(Mál COMP/M.4650 – Porsche/Volkswagen)

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Dr. Ing. h.c. F. Porsche AG („Porsche“) öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 30. apríl 2007, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Volkswagen AG („Volkswagen“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Porsche: framleiðsla og dreifing á fólksbifreiðum
 - Volkswagen: framleiðsla og dreifing á fólksbifreiðum og atvinnuökutækjum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 123, 5. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4650 – Porsche/Volkswagen, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4657 – Salzgitter/KW/RSE)

2007/EES/27/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Salzgitter AG öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýsku fyrirtækjunum Klöckner-Werke AG („KW“) og RSE Grundbesitz und Beteiligungs AG („RSE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KW: framleiðsla og dreifing á iðnaðarvélum, til dæmis fyllingar- og pökkunarvélum
 - RSE: eignarhaldsfélag á sviði fasteigna
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 2. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4657 – Salzgitter/KW/RSE, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4669 – GE/NewsCorp/JV)

2007/EES/27/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin General Electric Company („GE“) og News Corporation („NewsCorp“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu bandarísku fyrirtæki („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GE: byggingarstarfsemi, iðnaðarvörur, fjármál, heilsugæsla, fjölmiðlar og afþreying
 - NewsCorp: afþreying, sjónvarp, dagblöð, tímarit, bókaútgáfa
 - JV: afþreyingarefni fyrir sjónvarp og kvikmyndir á netinu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 124, 6. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4669 – GE/NewsCorp/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4693 – Veolia/Sulo)

2007/EES/27/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Veolia Propreté, sem er undir yfirráðum Veolia Environnement S.A. („Veolia“), öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Sulo Verwaltungsgesellschaft mbH („Sulo“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Veolia: söfnun, eyðing og endurvinnsla úrgangs fyrir hið opinbera og einkafyrirtæki
 - Sulo: meðhöndlun úrgangs
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 2. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4693 – Veolia/Sulo, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4699 – Allianz/Selecta)

2007/EES/27/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Allianz SE („Allianz“), gegnum þýska fyrirtækið ACP Vermögensverwaltung GmbH & Co. KG Nr. 4 d, („ACP“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í svissneska fyrirtækinu Selecta AG og dótturfyrirtækjum þess („Selecta“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Allianz: alþjóðleg váttrygginga- og fjármálaþjónustufyrirtæki; annast líftryggingar, fasteignatryggingar, eignastýringu og bankaþjónustu
 - Selecta: söluaðili matvæla og drykkja með fjölbreytt úrval af heitum og köldum drykkjum, nasli og sælgæti; sala á sjálfsölum og hlutum þeirra
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 2. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4699 – Allianz/Selecta, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/27/10****(Mál COMP/M.4700 – Deutsche Bank/AIG/Pushkino Logistics Park JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Deutsche Bank AG („Deutsche Bank“) og bandaríska fyrirtækið American International Group Inc. („AIG“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfir fasteignum og lóðum sem eru notaðar í tengslum við vöruferilsstjórnun í Moskvu og ganga undir heitunum Pushkino Logistics Park 1 („PLP 1“), Pushkino Logistics Park 2 („PLP 2“) og Domodedovo Logistics Park („DLP“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Deutsche Bank: fyrirtæki sem annast innlána- og útlánastarfsemi, útgáfu verðbréfa, eignastýringu, fjárfestingabankastarfsemi og fjármálaþjónustu
 - AIG: fyrirtæki sem annast trygginga- og fjármálaþjónustu
 - PLP1, PLP2, DLP: húsnæði og lóðir sem eru notaðar í tengslum við vöruferilsstjórnun í Moskvu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 2. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4700 – Deutsche Bank/AIG /Pushkino Logistics Park JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4714 – Oaktree/Duquesne/TI Automotive)

2007/EES/27/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Oaktree Capital Management, L.L.C. („Oaktree“) og Duquesne Capital Management, L.L.C. („Duquesne“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu TI Automotive Limited („TI Automotive“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Oaktree: fjárfestingastýring
 - Duquesne: fjárfestingastýring
 - TI Automotive: framleiðsla og dreifing eldsneytisbirgða og dreifingarkerfi og i hlutir fyrir ökutækjaiðnaðinn
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 123, 5. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4714 – Oaktree/Duquesne/TI Automotive, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4715 – Cerberus/Chrysler)

2007/EES/27/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið CG Investor LLC, sem er undir yfirráðum bandaríska fyrirtækisins Cerberus Group („Cerberus“), öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í fyrirtækinu DaimlerChrysler Holding LLC, nýstofnuðu fyrirtæki sem á 100% hlutabréfaeignar í Chrysler Corporation LLC og Chrysler Financial Services LLC (einu nafni „Chrysler“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Cerberus: fjárfestir í fasteignum og alls kyns lausafjárumunum í mismunandi löndum á heimsmarkaði
 - Chrysler: framleiðir og selur bifreiðar og rekur fjármálaþjónustu í tengslum við það á NAFTA-svæðinu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 124, 6. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4715 – Cerberus/Chrysler, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Auglýst eftir tillögum – DG EAC/20/07
(Aðalskrifstofa menntamála og menningar)

2007/EES/27/13

Samkvæmt áætlun um símenntun

Styrkveitingar vegna starfsemi sem varðar mótun og prófun hins svonefnda Evrópska starfsréttindakerfis (e. European Qualifications Framework – EQF), að meðtöldum starfsréttindakerfum sem notuð eru í einstökum ríkjum og atvinnugreinum

1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum í þeim tilgangi að úthluta styrkjum á grundvelli um tíu umsókna, með sem mestum fjölda þátttökuríkja og atvinnugreina, til að skipuleggja aðgerðir fyrir samstarf:

- til að móta og prófa grundvallarreglur og framkvæmd evrópska starfsréttindakerfisins
- til að deila reynslu á landsvísu og í einstökum atvinnugreinum með Evrópska starfsréttindakerfið (EQF) sem sameiginlega viðmiðun, þar með talin er þróun starfsréttindakerfa og, svo dæmi sé tekið, að koma á nánari tengslum milli æðri menntunarsviða í Evrópu og evrópska starfsréttindakerfisins.

2. Hlutgengir umsækjendur

Einkum er leitað eftir styrkumsóknum sem varða samstarf stofnana sem starfa á Evrópuvettvangi, í einstökum ríkjum eða héruðum eða innan atvinnugreina, til að mynda ráðuneytum, stjórnvöldum sem veita starfsréttindi, atvinnugreinasamtökum, aðilum vinnumarkaðarins og öðrum sem eiga hagsmuna að gæta eða hlutverki að gegna á sviði starfsréttinda. Umsækjendur skulu einnig vera réttmætir fulltrúar þess sviðs, vinnumarkaðs eða menntunar- og þjálfunarkerfis/kerfa sem er ætlað að hafa hag af viðkomandi verkefni.

Styrkir verða aðeins veittir vegna samstarfs stofnana frá fimm eða fleiri ríkjum.

Tekið verður við umsóknum frá stofnunum í einu eftirtalinnna ríkja:

- hinum 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins
- EFTA-ríkjunum þremur sem eiga aðild að EES: Íslandi, Liechtenstein, Noregi (*)
- Tyrklandi (*)

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Heildarfjárveiting vegna sameiginlegrar fjármögnunar verkefna er 2 milljónir evra. Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 75 % af styrkhæfum kostnaði.

Styrkir munu væntanlega nema 50 000 til 200 000 evrum.

Starfsemi skal hefjast eigi síðar en um miðjan febrúar 2008. Hámarks lengd verkefna er 24 mánuðir.

4. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastofnun menntamála, hljóð- og myndgerðar og menningarmála eigi síðar en 31. ágúst 2007 og ræður pósthimpill.

5. Nánari upplýsingar

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:
http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/calls/grants_en.html

Fullnægja ber öllum ákvæðum sem er að finna í auglýsingunni í fullri lengd og skila umsóknum á til þess gerðu eyðublaði.

(*) Verið er að ljúka við gerð samninga sem staðfesta þátttöku þessara landa og er þess vænst að þeir öðlist gildi fyrir þann dag sem val á tillögum fer fram. Uppfærðar upplýsingar eru á eftirfarandi slóð: http://eacea.ec.europa.eu/static/en/lfp/funding_en.htm#update

2007/EES/27/14

Æska og athafnir**Aðgerð 1 – Æskan í Evrópu****Tilraunaverkefni í þematengdu netsamstarfi****Auglýsing eftir tillögum – EACEA/08/07****1. Markmið og lýsing**

Þessi auglýsing eftir tillögum er hluti af skipulagsráðstöfunum fyrir aðgerð 1 í áætluninni „Æska og athafnir“. Markmiðið er að veita stuðning til að koma á og/eða efla þematengt netsamstarf í skiptiverkefnum ungmenna, framtaksverkefnum ungmenna og verkefnum ungmenna sem lúta að lýðræði samkvæmt áætlununum „Æska og athafnir“ og „Æska“. Þetta þematengda netsamstarf verður að vera í samræmi við eftirfarandi markmið:

- að koma á tengingu milli verkefna með sameiginlegt þema
- að samnýta reynslu á tilteknum þemasviðum
- að auka tengsl milli skiptiverkefna ungmenna, framtaksverkefna ungmenna og verkefna ungmenna sem lúta að lýðræði
- að miðla og nýta niðurstöður verkefnanna

Fyrirhugað þema skal endurspeglar markmið áætlunarinnar „Æska og athafnir“.

2. Hlutgengi

Tekið verður við umsóknum frá sjálfseignarstofnunum eða félagasamtökum eða opinberum stofnunum á vegum sveitarfélaga, héraðsstjórna eða ríkisstjórna sem hafa stöðu lögaðila og lögformlega staðfestu á þeim degi sem umsóknin er lögð fram í einhverju ríkjanna sem taka þátt í áætluninni.

Eftirtalin ríki eiga aðild að áætluninni:

- **Aðildarríki Evrópusambandsins** ⁽¹⁾: Austurríki, Belgía, Danmörk, Þýskaland, Spánn, Portúgal, Frakkland, Ítalía, Svíþjóð, Bretland, Írland, Lúxemborg, Holland, Finnland, Grikkland, Kýpur, Eistland, Ungverjaland, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Tékkland, Slóvakía, Slóvenía
- **Þau aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EES)**: Ísland, Liechtenstein og Noregur, með fyrirvara um að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hafi öðlast gildi áður en frestur til að velja verkefni rennur út
- **Ríki sem biður aðildar** og nýtur sérstakrar áætlunar um aðdraganda aðildar, í samræmi við þau grundvallarsjónarmið og þá almennu skilmála og skilyrði sem mælt er fyrir um í rammasamningum sem gerðir hafa verið við þetta ríki (Tyrkland) með tilliti til þátttöku þess í áætlunum Evrópusambandsins og með fyrirvara um að samningur um þátttöku þess lands í áætluninni hafi verið undirritaður og hafi öðlast gildi

Í verkefnunum skal gera ráð fyrir þátttöku samstarfsaðila frá tíu mismunandi ríkjum hið minnsta (að meðtöldum umsóknaraðila). Allir samstarfsaðilarnir verða að hafa mótað verkefni eða vera að vinna við þau undir áætluninni Æska eða Æska og athafnir. Þó ber að nefna að samstarfsaðilarnir mega ekki hafa neinar lagalegar tengingar við umsóknaraðilann.

Einstaklingar eru ekki hlutgengir til styrkja samkvæmt þessari auglýsingu eftir tillögum.

⁽¹⁾ Einstaklingar frá svonefndum handanhafslöndum og handanhafslandsvæðum, og eftir því sem við á viðkomandi opinberar og/eða einkareknar stofnanir þar, eru hlutgengar til þátttöku í áætluninni Æska og athafnir, í samræmi við reglur áætlunarinnar og ákvæði sem gilda í aðildarríkinu sem þeir tengjast. Handanhafslöndin og handanhafslandsvæðin, sem um ræðir, eru talin upp í I. viðauka við ákvörðun ráðsins 2001/822/EB frá 27. nóvember 2001 um tengsl handanhafslanda og handanhafslandsvæða við Evrópubandalagið (Stjótið. ESB L 314 frá 30.11.2001, bls. 1).

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Heildarfjárveiting vegna samfjármögnunar verkefna samkvæmt þessari auglýsingu er áætluð **ein milljón evra**.

Styrkir geta ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 65 % af styrkhæfum heildarkostnaði vegna verkefnisins.

Hámarksgreiðsla vegna hverrar umsóknar er 100 000 evrur.

Verkefnin skulu hefjast á tímabilinu **1. janúar 2008 til 31. mars 2008**. Þau skulu standa yfir í að minnsta kosti **sex mánuði** og í mesta lagi **tólf mánuði**.

4. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastofnun menntamála, hljóð- og myndgerðar og menningarmála (EACEA) eigi síðar en **1. september 2007** (póststimpill gildir). Umsóknir sem eru dagsettar með póststimpli síðar verða ekki teknar til greina.

5. Nánari upplýsingar

Styrkumsóknir skulu fullnægja öllum ákvæðum sem er að finna í heildartexta auglýsingarinnar og skal þeim skilað á til þess gerðu eyðublaði. Þessi skjöl eru birt á lýðnetinu á eftirtöldum vefsetrum: <http://eacea.ec.europa.eu>

Ríkisaðstoð – Ítalía

2007/EES/27/15

Málsnúmer C 13/07 (áður NN 15/06 og N 734/06) – Aðstoð við björgun og endurskipulagningu fyrirtækisins New Interlin S.p.A.

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans

Framkvæmdastjórnin tilkynnti að ákveðið hefði verið að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans, sjá [Stjtið. ESB C 120, 31.5.2007](#).

Frestur hagsmunaaðila til að koma á framfæri athugasemdum er einn mánuður frá því að tilkynningin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
B-1049 Brussel/Bruxelles
Bréfasími: +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Ítalíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.